

# AÐ KENNA UM FLÓTTAFÓLK: KENNSLUBLAÐ

## HVERT FER FLÓTTAFÓLK?



Sjá myndskaið: [hér](#)

**Lengd:** 15-20 mínútur.

**Efniviður:** Tölva, spjaldtölva eða sími til að horfa á myndbandið; blað og penni.

Notaðu þetta kennslublað til að kenna börnum grunnhugtök um flóttafólk, alþjóðlega vernd og fólksflutninga.

Horðu fyrst á myndskaiðið með nemendum þínum. Farðu svo eftir leiðbeiningunum hér að neðan.

**Markmið:** að fá alþjóðlegan skilning á því hvert flóttafólk fer þegar það flýr.

**Aldur:** Efnið hentar 12 ára nemendum og eldri.

**1:** Eftir að þið hafið horft á myndskaiðið skaltu biðja nemendur þína um að ná í blað og penna og gera eftirfarandi verkefni:

**Skrifið niður þau fimm lönd sem þið haldið að flest flóttafólk fari til þegar það flýr.**

**2:** Safnaðu saman öllum svörum og lestu upphátt fyrir nemendur þína. Nú er tími fyrir umræður og skaltu spyrja eftirfarandi spurninga:

**Hvers vegna flýr fólk frá heimalandi sínu?**

**Til hvaða lands myndir þú fara ef þú værir neydd(ur) til að flýja?**

**Frá hvaða löndum heldur þú að flest flóttafólk hérlandis komi?**

**Hvernig gætu þau hafa ferðast hingað?**

**Hvað þarf flóttafólk að gera þegar það kemur til nýs lands?**

**3:** Lestu eftirfarandi lista af fimm helstu löndunum sem flóttafólk flyst til og berðu saman við þeirra svör:

1. Tyrkland
2. Pakistan
3. Úganda
4. Súdan
5. Þýskaland

Næst skulið þið horfa aftur á myndskaiðið og skoða þetta upplýsingablað: [hlekkur](#)

**Ræðið hvert flóttafólk fer miðað við það sem þið sjáið í myndskaiðinu. Hvar er flest flóttafólk? Eru þau í þróunarlöndum eða iðnvæddum löndum? Ferðast það langt?**